8. mars 2022

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

# Frumvarp til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og eftirlit)

## Kynnt í umhverfis- og samgöngunefnd 8. mars 2022

**Stjórnarráð Íslands**
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

# Forsaga

Efni frumvarpsins er tilkomið vegna nauðsynlegra breytinga sem gera þarf á lögunum – m.a. vegna skorts á lagastoð.

Álit umboðsmanns Alþingis.

Þar kemur fram það mat að lögin feli ekki í sér fullnægjandi lagaheimild til að setja ákvæði í reglugerð til að krefjast að þau sem hafa fullgild starfsréttindi sundkennara standist hæfnispróf eða fari á endurmenntunarnámskeið.

Hefur víðtækari áhrif.

# Forsaga

- Úrskurður úrskurðarnefndar
  Felld úr gildi ákvörðun um að veita kæranda áminningu vegna fráviks frá starfsleyfi.

- Ný heildarlög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisaðgerðir eða vöktun skulu þau skilyrði tekin upp í starfsleyfi.
- Tækifærið notað til að koma að öðrum lagfæringum.

# Endurflutt

Lagt fram á 151. löggjafarþingi - náði ekki afgreiðslu þingsins.

Unnið úr umsögnum milli þinga.

Lagt fram að nýju að viðbættum fjórum nýjum greinum (úrskurður ÚUA, ný heildarlög um MáU og skerpt á eftirlitshlutverki HES með skráningarskyldri starfsemi.

# Meginefni frumvarpsins

Styrkja heimildir til að kveða á um lágmarkskröfur um menntun, þjálfun og námskeið fyrir þau sem þurfa að hafa þekkingu og hæfni á sviði sóttvarna, skyndihjálpar og öryggis og próf.

Skýra eftirlitsskyldur stjórnvalda og umfang eftirlits með starfsemi og athöfnum sem valdið geta mengun eða ógnað hollustuháttum.

# Meginefni frumvarpsins

Auka skýrleiki milli viðauka við lögin þar sem endurnýting úrgangs er skilgreind sem leyfisskyld starfsemi.

Kveða skýrar á um heimild til handa Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum til að veita áminningu til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt eigin fyrirmælum.

# Meginefni frumvarpsins

Breytingar til samræmis við ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Styrkja gjaldtökuheimild varðandi skráningu mengandi atvinnustarfsemi, sem er meðal annars hluti af því verkefni stjórnvalda að auka rafræna stjórnsýslu. Umhverfisstofnun veitt gjaldtökuheimild til samræmis við gjaldtökuheimild heilbrigðisnefnda.

# Meginefni frumvarpsins

Bætt við heimild til að beita stjórnvalds-sektum og auka skilvirkni við skil umhverfisupplýsinga.

Aðrar breytingar (leiðréttingar og aukinn skýrleiki).